

Skýrsla stjórnar – flutt á aðalfundi 2009

Starfsemi félagsins á síðasta ári var með nokkuð hefðbundnum hætt. Síðasti aðalfundur var haldinn 8.nóvember 2008 en á þeim fundi var ákveðið að halda hina árlegu útilegu félagsins í Skagafirðinum.

Útilega

Útilegan var svo haldin síðustu helgina í júní - 26 -28 júní og var hún haldin í Varmahlíð í Skagafirði. Það vildi svo skemmtilega til að akkúrat þessa helgi voru Lummu dagar á Sauðárkrók þar sem margt var að ske og þorpsbúar búnir að skreyta bæði götur og hús eftir mismunandi litum. Við vorum mjög heppin með veður og má segja að það hafi verið samdóma álit þeirra sem tóku þátt að þetta hafi lukkast vel í alla staði og viljum við enn og afur hvetja sem flesta að taka þátt í útilegunni. Næsta ár er svo ferðinni heitið á Austfirði og þurfum við að ákveða hvar á Austfjörðunum sú útilega ætti að vera.

NOFCA

Í byrjun júní fór undirrituð til Færeyja á hinn árlega Nofca fund sem haldinn var í Þórshöfn í þetta skiptið. Fulltrúar frá öllum löndum nema Grænlandi mættu á þennan fund. Ég hafði hugsað mér að rekja garnirnar úr finnum varðandi þeirra reynslu á eftirköstum kreppuástands en það komu aldrei nein almennileg svör frá þeim. Hins vegar er það staðreynd að fjölgun fósturráðstafana í Finnlandi jukust um 75% eftir efnahagskerppuna sem þeir gengu í gegn um á sínum tíma. En á þessum fundi í Þórshöfn kom fram hugmynd um að vera með norrænar sumarþúðir fyrir fósturbörn. Hugmyndin er að bjóða 2 14 ára unglingum í sumarþúðirnar í viku til 10 daga, með þeim færi einn fullorðin einstaklingur, annað hvort fósturforeldri eða jafnvel fullorðið fósturbarn. Við ætlum að freista þess að fá fjármagn frá m.a. Norrænu ráðherra nefndinni til að styrkja þessar sumarþúðir eins og kostnað við húsaleigu, laun og þ.h. Danir ætluðu að taka að sér að vinna í því að afla fjármagns fyrir þessa hluti. Hvert land fjármagnar svo ferðakostnað eigin þátttakenda. Það var verið gæla við að koma þessarri hugmynd í framkvæmd sumarið 2010 en ef það tækist ekki þá yrði stefnt á næsta ár.

Kaffihúsafundur

Haldnir hafa verið reglulegir kaffihúsa fundir bæði hér í Reykjavík og svo einnig á Selfossi. En þessir fundir hafa farið fram í Perlunni hér í Reykjavík en á Kaffi Krús á Selfossi fyrsta miðvikudagskvöld hvers mánaðar.

Kosning formanns

Eins og fram kom í fundarboðinu sem við sendum út gefur Torfi Steinsson ekki lengur kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og þurfum við því að kjósa nýjan formann. Því miður gat Torfi ekki verið hér með okkur í dag en ég átti að skila bestu kveðjum frá honum og vil í framhaldi þakka honum fyrir velunnin störf í þágu félagsins.

Soffía Ellertsdóttir